



Fundargerð

21. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
30. október 2025, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason og Sigurður Garðarsson.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Grétar I. Guðlaugsson, Guðmundur Björnsson og Harpa Björg Sævarsdóttir boðuðu forföll.

* * *

1. Fjárfestingaverkefni 2026 (2025080340)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu kynnti áætlun um fjárfestingaverkefni ársins 2026. Farið var yfir drög að fjárhagsramma fjárfestinga og rætt um forgangsroðun verkefna.

Lagt fram til kynningar.

2. Viðhaldsáætlun 2026 (2025100210)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu kynnti áætlun um viðhald og rekstur fasteigna fyrir árið 2026. Farið var yfir kostnaðarskiptingu á milli mannvirkja og helstu verk sem þörf er á að framkvæma árið 2026.

Lagt fram til kynningar.

3. Sala eigna (2025100211)

Yfirlit um sölumöguleika á fasteignum í eigu Reykjanesbæjar lagt fram.

4. Starfsmannamál eignaumsýslu (2025100212)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir skipurit starfsmanna eignaumsýslu og ábyrgð þeirra. Einnig kynnti hann tillögu að breytingum á fyrirkomulagi varðandi umsjón fasteigna.

Deildarstjóra eignaumsýslu er falið að vinna málið áfram og kynna tillögur á næsta fundi stjórnar eignasjóðs.

5. Drekaðalur – staða framkvæmda (2022100203)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu gerði grein fyrir stöðu framkvæmda og kostnaðar við leikskólann Drekaðalur. Áætlað er að fara í öryggisúttekt 4. nóvember 2025 og fyrsti starfsdagur skólans verður 17. nóvember.

6. Myllubakkaskóli – staða framkvæmda og næstu verk 2025 (2021050174)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við Myllubakkaskóla. Lögð fram áætlun um framvindu verksins á árinu 2025-2027.

7. Holtaskóli – staða framkvæmda og næstu verk 2025 (2022120120)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við Holtaskóla. Lögð fram áætlun um framvindu verksins á árinu 2025-2027.

8. Tjarnargata 12 – staða framkvæmda (2019050839)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við Tjarnargötu 12.

9. Staða viðhaldsframkvæmda 2025 (2025100215)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu viðhaldsframkvæmda 2025 og kostnaðar vegna þeirra.

10. Þórustígur 3 - leyfi til útleigu á íbúðum (2025100409)

Ungmennafélag Njarðvíkur óskar eftir skriflegu samþykki Reykjanesbæjar fyrir því að félagið fái heimild til þess að leigja út íbúðir í húsnæði sem félagið hefur til afnota að Þórustíg 3, tímabundið yfir sumartímann þegar þær eru ekki nýttar fyrir starfsemi félagsins, og afla með því tekna fyrir starfsemi félagsins.

Í ljósi þess að afnotasamningur milli Reykjanesbæjar og Ungmennafélags Njarðvíkur um húsnæðið rennur út í mars 2026 er ekki hægt að samþykkja erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:02.